



Borgarráð

Ráðhúsinu
101 REYKJAVÍK

Til minnis vegna tónleika í Laugardal 21.-23. júní 2019

Sviðsstjóri ÍTR sendi í dag eftirfarandi fyrirspurn til USK, SFS, Laugardalshallar, ÍBR, KSÍ, Laugardalslaugar, Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Heilbrigðiseftirlitsins, Knattspyrnufélagsins Þróttar, Glímufélagsins Ármanns, Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, Grasagarðsins, Fjölskyldu- og húsdýragarðsins, foreldrafélaga Laugarnes- og Laugalækjarskóla, Íbúasamtök Laugardals, Miðbæjarathvarfs, Menningar- og ferðamálasvið, samstarfsnefnd um forvarnir hjá Reykjavíkurborg og Tjaldsvæðisins í Laugardal.

Unnið er að samantekt athugasemda, ábendinga og skýrslna um tónleikana í Laugardal um liðna helgi. Ef þið eruð með einhverjar skýrslur eða ábendingar væri gott að fá þær til mín fyrir 15. júlí 2018. Þannig að hægt verði að fjalla um málið í borgarkerfinu í byrjun ágúst. Það þarf ekki að senda umsagnirnar á allan þennan hóp, heldur einungis á omar.einarsson@reykjavik.is

Því má gera ráð fyrir því að um í ágústbyrjun muni borgarráði verða gerð grein fyrir öllum þeim umsögnum sem borist hafa.

Þá hefur verið vísað til ÍTR, af hálfu skrifstofu borgarstjórnar, erindi Íbúasamtaka Laugardals, er varðar almenna viðhorfskönnun meðal íbúa Laugardalshverfis vegna Secret Solstice. Gerð verður grein fyrir því máli samhliða því sem umsagnir verða lagðar fram í borgarráði.


Ómar Einarsson.